

### Úr reglugerð.

*Í safndeild skulu valdir tengiliðir fyrir hvert hundakyn, þegar fjöldi slíkra hunda eru a.m.k. 5 í safndeildinni. Tengiliðir skulu hafa verið félagsmenn í HRFÍ í a.m.k. tvö ár, vera skráðir eigendur hunds af viðkomandi hundakyni og hafa á því góða þekkingu. Tengiliðir skulu kjörnir á ársfundi safndeildar. Eingöngu félagsmenn, skráðir eigendur hunda af viðkomandi hundakyni taka þátt í kjöri tengiliðar viðkomandi hundakyns. Gefi enginn kost á sér sem tengiliður hundakyns skal stjórn ræktunardeildar skipa tengilið á fyrsta fundi sínum eftir ársfund.*

### **Helstu upplýsingar um fjölda hunda og sýningar 2017**

Á árinu voru haldnar 5. sýningar, 4. hvolpasýningar á vegum HRFÍ. Þar voru 364. hundar sýndir ásamt 88. hvolpum frá Fjár- og hjarðhundadeild á öllum sýningum HRFÍ. Að meðaltali eru sýndir 73. hundur og 22 hvolpar á hverri sýningu. Sýndar voru tíu hundategundir frá Fjár og hjarð á árinu: Australian Cattle dog Australian Shepheard, Bearded Collie, Berger Blanc Suisse-White Swiss Shepherd, Border Collie, Briard, Collie Rough og Smooth, Old English Sheepdog, Shetland Sheepdog Welsh Corgi Pembroke.

Í deildinni 2017 voru 195 virkir félagsmenn og hundarnir eru 676 skv. félagatali HRFÍ. Stjórnin vill þakka gott samstarf á árinu og hvetur félagsmenn til að vera virkari að mæta á viðburði og taka þátt í verkefnum sem deildinni eru falin.

Starf deildarinnar stendur og fellur með ykkar þátttöku.

23 apríl 2018

f.h. stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ

Hilmar Sigurgíslason formaður